

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 13. apríl 2022

Mál nr. E-391/2021:

Þorgeir Pálsson

(Helga Björg Jónsdóttir lögmaður)

gegn

Ísfélagi Vestmannaeyja hf.

(Finnur Magnússon lögmaður)

Dómur

Mál þetta er höfðað með stefnu sem ekki er árituð um dagsetningu birtingar, en málið var þingfest 9. september 2021. Í greinargerð stefnda er á því byggt að málið hafi verið höfðað 6. september 2021 og hefur því ekki verið mótmælt.

Aðalmeðferð fór fram 11. mars 2022 og var málið dómtekið að henni lokinni. Fyrir uppkvaðningu dóms var gætt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi er Þorgeir Pálsson, [...]

Stefndi er Ísfélag Vestmannaeyja hf., [...]. Fyrirsvarsmaður stefnda er stjórnarformaður félagsins Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, [...].

Dómkröfur stefnanda eru aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 5.952.000,- auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 6. nóvember 2020 til greiðsludags.

Til vara krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda aðra lægri fjárhæð að mati dómsins.

Í báðum tilvikum krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi eða samkvæmt mati dómsins.

Dómkröfur stefnda að hann verði sýknaður af dómkröfum stefnanda.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu að mati dómsins eða síðar framlögðu málskostnaðaryfirliti.

Við aðalmeðferð gaf stefnandi skýrslu, sem og vitnið Hersir Sigurgeirsson sem var dómkvaddur matsmaður í málinu.

Málavextir

Stefnandi mun vera rekstrarhagfræðingur að mennt, með BSc í sjávarútvegsfræði. Þá kveðst hann hafa lokið MBA námi frá Háskólanum í Reykjavík árið 2008. Stefnandi

kveðst hafa víðtæka reynslu af stjórnunar- og stefnumótunarráðgjöf bæði hérlendis og erlendis.

Stefndi, Ísfélag Vestmannaeyja er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og mun vera með um 230 starfsmenn til sjós og lands. Þá mun félagið um árabíl hafa stundað ýmsar fjárfestingar sem hafa ekki með útgerð fiskiskipa að gera.

Stefndi, Ísfélag Vestmannaeyja, er elsta starfandi hlutafélag landsins. Félagið er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins með um 230 starfsmenn til sjós og lands. Þá hefur félagið um árabíl stundað ýmsar fjárfestingar sem hafa ekki með útgerð fiskiskipa að gera.

Stefnandi lýsir því í stefnu að skömmu áður en samskipti stefnanda og stefnda hófust hafi Mike Nghypunia, framkvæmdastjóri hins ríkisrekna sjávarútvegsfyrirtækis FISHCOR í Namibíu leitað til stefnanda til að finna hugsanlegan samstarfsaðila fyrir félagið Omualu Fishing (PTY) Ltd. sem mun hafa aðsetur í Namibíu. Kveður stefnandi að ástæðan fyrir því hafi verið að Omualu hafi átt 20.000 tonna kvóta í hestamakríl og hafi legið fyrir að kvótanum yrði endurúthlutað í byrjun árs 2018 til 10 ára. Lýsir stefnandi því að í framhaldi af samskiptum stefnanda við Mike Nghypunia hafi stefnandi leitað til stefnda. Vegna fjölskyldutengsla við starfsmann stefnda, Siggeir Stefánsson, hafi stefnandi fyrst leitað til stefnda. Siggeir mun starfa sem framleiðslustjóri frystihúss stefnda á Þórshöfn.

Kveður stefnandi að Siggeir hafi haft milligöngu um fyrsta fund stefnanda með Gunnlaugi Sævari Gunnlaugssyni, stjórnarformanni stefnda og Einari Sigurðssyni sem jafnframt sé í stjórn félagsins. Fundurinn mun hafa farið fram 21. júlí 2017 í húsnæði Lýsis á Granda.

Í málinu liggja fyrir ýmis tölvupóstsamskipti. Þau hefjast með því að 4. júlí 2017 sendir Siggeir tölvupóst til stefnanda með yfirskriftinni „Namibía verkefni“ þar sem hann lýsir því að hafa rætt við Gunnlaug, að því er ætla verður stjórnarformann stefnda, og segir í póstinum að Gunnlaugur hafi áhuga á að ræða við stefnanda fljótlega og að hann muni hafa samband við stefnanda. Gunnlaugi var jafnframt sent afrit af tölvupóstinum í cc og var símanúmer stefnanda tekið fram í póstinum.

Næsti tölvupóstur er 11. júlí 2017 frá stefnanda til Gunnlaugs þar sem segir að Namibíumenn séu farnir að ýta á stefnanda og óskar eftir að fá viðbrögð frá Gunnlaugi. Segir stefnandi í póstinum að aðalatriðið sé að þeir sýni þeim í Namibíu viðbrögð sem fyrst.

Næsti tölvupóstur er frá stefnanda til Gunnlaugs og er sendur að kvöldi 21. júlí 2017, þ.e. eftir ofangreindan fyrsta fund. Þar þakkar stefnandi fyrir góðan fund og kveður sinn skilning þann að „þeir“ ætli að senda stefnanda samantekt (Company Profile) um stefnda og stefnandi snúi sér að því að afla frekari upplýsinga frá þeim í Namibíu. Lýsir stefnandi því að hafa sent fyrirspurn í 6 liðum á sinn tengilið í Namibíu, þ. á m. um nafn þess félags sem hafi yfir að ráða hestamakrílkvótanum. Segir stefnandi í póstinum að gott væri að fá stutta lýsingu um „ykkur“ sem fyrst til að senda namibíumönnum.

Síðastgreindum tölvupósti svarar Gunnlaugur 23. júlí 2017 með tölvupósti til stefnanda þar sem hann segir „Sömuleiðis, bestu þakkir fyrir ágætan fund. Þú færð sendar uppl um ÍV.“

Þann 25. júlí 2017 sendir stefnandi tölvupóst til Gunnlaugs með þeim svörum sem hann hefur fengið við svörunum frá Namibíu þar sem m.a. kemur fram að fyrirtækið með hestamakrílkvótann sé Omualu Fishing Pty Ltd. Stefnandi sendir jafnframt frekari upplýsingar og leggur til að stefnandi og Gunnlaugur hittist í næstu viku og ræði næstu skref. Sama dag sendir stefnandi tölvupóst til Gunnlaugs þar sem hann ýtir á eftir því að fá sendar upplýsingar um stefnda til að senda til Namibíu. Sama dag sendir Gunnlaugur stefnanda tölvupóst með viðhengi sem ber með sér að vera kynning á ensku um stefnda.

Þann 9. ágúst 2017 sendir stefnandi tölvupóst á Gunnlaug og Siggeir. Þar sendir hann hlekk á heimasíðu Omualu Fisheries og kveður þá kynningu gefa ágæta mynd af fyrirtækinu. Lýsir hann því að næstu skref væru að halda fund þar sem ákveðið yrði með framhaldið og hvernig stefndi vilji halda áfram. Sé áframhaldandi áhugi til staðar sé rétt að ganga frá „formlegum samningum okkar í milli og kalla eftir trúnaðaryfirlýsingu við Omualu“. Þá sé rétt að leggja drög að heimsókn sem fyrst og „fact-finding-mission“ til Namibíu.

Síðastgreindum tölvupósti svarar Gunnlaugur með orðunum „takk fyrir þetta“. Stefnandi svarar að bragði „Sjálfsagt mál. Verðum í sambandi síðar í vikunni.“

Þann 10. ágúst sendir stefnandi tölvupóst til Gunnlaugs og Siggeirs þar sem hann sendir kynninguna á Omualu Fisheries sem pdf skjal í viðhengi og segir svo „Það væri gott að heyra frá ykkur sem fyrst varðandi hvaða skref þið viljið taka út frá þessum upplýsingum og öðru sem komið er fram.“ Í framhaldinu eru tölvupóstar milli stefnanda og Gunnlaugs 10. til 21. ágúst 2017 þar sem þeir leita dagsetningar til að funda. Svo kemur tölvupóstur frá stefnanda til Gunnlaugs 23. ágúst 2017 sem ber með sér að þeir hafi hist og rétt er um praktísk atriði varðandi ferð til Namibíu, s.s varðandi

bólusetningar o.fl. Fleiri tölvupóstar frá stefnanda til Gunnlaugs varðandi ætlaða ferð til Namibíu í september 2017 fylgja í kjölfarið.

Svo kemur tölvupóstur frá stefnanda til Gunnlaugs, dags. 27. ágúst 2017, þar sem stefnandi á málgar þóknun sér til handa. Kveður stefnandi í tölvupóstinum að hann hafi yfirleitt unnið á umsamdri ráðgjafabóknun, en ekki „finders fee“. Leggur stefnandi til við Gunnlaug að stefnandi fái greiddar kr. 400.000 þann 1. september 2017 fyrir þá vinnu sem þegar hafi verið innt af hendi, en sú greiðsla dragist svo frá „finders fee“ greiðslu á síðari stigum. Þá fái stefnandi greiddan ferðakostnað til Namibíu og fái svo greidda „finders fee“ 2,5% af verðmæti samnings sem greiðist þegar samningur milli hlutaðeigandi liggi fyrir. Þá lýsir stefnandi og skilgreinir sitt hlutverk í verkefninu og því að hann sé reiðubúinn að taka að sér að fylgja verkefninu eftir á ráðgjafagrunni eftir að samningur verði kominn á. Loks tekur stefnandi fram að hann sé tilbúinn að ræða þetta nánar, en mikilvægt sé að klára þetta sem fyrst til að ekki séu neinir lausir endar síðar. Í kjölfarið koma 3 tölvupóstar, 20. ágúst – 1. september 2017, frá stefnanda til Gunnlaugs þar sem stefnandi ýtir á eftir málinu og ræðir sína ætluðu þóknun og býðst til að senda Gunnlaugi reikningsnúmerið sitt. Gunnlaugur svarar með pósti 1. september 2017 þar sem segir „Við erum með þetta til skoðunar. Verð í sambandi“. Aftur segir Gunnlaugur í tölvupósti til stefnanda 4. september 2017 „við munum hittast í fyrramálið og reynum að ljúka þessu. Gæti verið að við þyrftum að færa þetta til síðari hluta mánaðarins, Vildi fá Stefán Friðriksson með okkur“.

Í framhaldinu eru tölvupóstar þar sem stefnandi nefnir m.a. að það þurfi að ná saman um upphæð og greiðslumáta sem báðir séu sáttir við. Síðan er tölvupóstur frá starfsmanni Flugleiða þar sem verið er að bóka eða setja upp áætlun um flugtíma og ganga frá flugfari til og frá Namibíu, en þar er gert ráð fyrir að stefnandi fari með í ferðina. Jafnframt að allur kostnaður greiðist af stefnda. Er gert ráð fyrir að ferðin standi frá 13. til 19. september 2017, en þó mislangt eftir því hver á í hlut.

Eftir þetta eru tölvupóstar á milli stefnanda og Gunnlaugs um hvenær þeir muni hittast. Þann 11. september 2017 sendir Simon David Knight lögmaður á lögmannsstofunni Juris stefnanda tölvupóst með dæmi um samning sem Gunnlaugur hafi nefnt á fundi sem dæmi um samning sem stefndi hafi áður gert og byggi á mánaðarlegri þóknun á meðan þjónustan hafi verið veitt auk mögulegrar árangurstengdrar greiðslu. Er tekið fram í póstinum að þar hafi verið um að ræða „Consultancy“ sem hafi verið að vinna fyrir stefnda við að finna fjárfestingartækifæri, þannig að slíkt samningsform yrði

ekki endilega lagt til grundvallar þar sem stefnandi sé að vinna að beiðni aðila í Namibíu við að finna samstarfsaðila/fjárfesta og árangurstengdar greiðslur (ef einhverjar eru) færu að nokkru leyti eftir hvers konar samstarf/joint venture væri um að ræða. Stefnandi móttækur póstinn sama dag og kveðst verða í sambandi. Daginn eftir, 12. september 2017, sendir stefnandi tölvupóst til Simon David Knight og Gunnlaugs þar sem hann kveður það sammingsform sem sent var varla verða notað í heild sinni, en þar séu þó margir góðir punktar og ákvæði sem þeir gætu nýtt. Í póstinum setur stefnandi fram tillögu að fyrirkomulagi sammings og þóknun sér til handa. Gengur tillagan út á það að stefndi greiði kr. 2.000.000 sem teljist greiðsla fyrir þá vinnu sem þegar hafi verið unnin. Innifalið sé vinna við undirbúning heimsóknar framkvæmdastjóra Omualu til Íslands í lok september. Þessi upphæð verði greidd inn á persónulegan reikning stefnanda fyrir brottför þann 13. september 2017. Verði grundvöllur fyrir frekra samstarfi þá er gert ráð fyrir frekari greiðslum sem að hluta til verði árangurstengdar.

Eftir þetta lýkur tölvupóstum við það að Gunnlaugur boðar stefnanda á fund á lögmannstofunni Juris þann 12. september 2017, en þar mun hafa orðið ljóst að ekki yrði af neinu frekara samstarfi milli aðila, að stefndi myndi ekki greiða stefnand neina þóknun og að stefnandi færi ekki í ferð á vegum stefnda til Namibíu daginn eftir.

Þá liggur fyrir að á fundi 11. september 2017 kynnti stefnandi sammingsdrög milli sín og stefnda um hlutverk stefnanda og þóknun fyrir hann sem yrði greiðsla á kr. 10.000.000 11. september 2017, mánaðarleg þóknun kr. 800.000 næstu 24 mánuði og 2% af hagnaði sem lokagreiðsla í september 2020. Þessu mun hafa verið hafnað af hálfu stefnda. Stefnandi kveður að Gunnlaugur hafi sagst kannski vera reiðubúinn að greiða stefnanda kr. 2.000.000, en væri ekki skuldbinda sig neitt frekar. Þessu neitar stefndi hins vegar.

Fyrir liggur að starfsmenn stefnda fóru til Namibíu í september 2017, en stefndi kveðst ekki hafa stofnað til neinna viðskipta þar og hafi verið ákveðið að stofna ekki til viðskipta í Namibíu.

Þann 14. september 2017 sendi stefnandi tölvupóst til hins rússneska Makeyev og bauð þar fram viðskiptatækifæri varðandi 20.000 tonna hestamakrílkvóta í Namibíu, en í tölvupósti stefnanda til Makeyev 4. október 2017gerir stefnandi grein fyrir því að ekkert geti orðið af því vegna þess að namibíumennirnir séu að ræða við stefnda og því geti ekki orðið af samstarfi hins rússneska félags Interacco, Omualu og stefnanda.

Hefur jafnframt verið lagður fram í málinu tölvupóstur, dags. 29. september 2017, frá Sacky P. Kadhila Amoomo hjá félaginu Omualu, til stefnanda, en í honum kemur fram að viðræður við stefnda haldi áfram og er stefnandi beðinn um að setja í bið allar viðræður við félagið Interacco.

Fyrir liggur að ofan greindir tölvupóstar stefnanda í samskiptum við stefnda eru með nafni stefnanda undir textanum, en þar er jafnframt ritað í stöðluðum texta m.a. „Thorp ehf./Þorgeir Pálsson, Borgarbraut 27, 510 Hólmavík, www.thorpconsulting.is“, en stefnandi mun hafa verið eigandi þess félags, en félagið úrskurðað gjaldþrota 4. apríl 2019, skiptum lokið á þrotabúinu 19. janúar 2020 og félagið hafi nú verið afskráð. Þá eru tölvupóstar frá Gunnlaugi gjarnan úr netfangi hans hjá Lýsi hf., en það félag mun þó ekki hafa komið neitt að málinu.

Stefnandi hefur ítrekað reynt að fá greitt frá stefnda vegna ofangreinds, allar götur frá október 2017 með liðsinni síns lögmanns.

Áður en mál þetta var höfðað fékk stefnandi dómkvaddan matsmann, Hersi Sigurgeirsson dósent í fjármálum við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Var lagt fyrir matsmann að svara eftirfarandi:

„1. Annars vegar er óskað eftir mati á því hvað er hæfilegt og eðlilegt endurgjald í krónum talið fyrir milligöngu og þjónustu við matsþola vegna mögulegra kaupa félagsins eða samstarfs um veiðar á hestamakríl af félaginu Omualu.

2. Hins vegar er óskað eftir mati á því hve mörgum vinnustundum má ætla að matsbeiðandi hafi varið við milligönguna og þjónustuna við matsþola og hvert er eðlilegt tímagjald fyrir hverja unna klukkustund í þeim efnum?“

Í matsgerð kemur fram að matsmaður taki ekki afstöðu hvort stefnandi eða félagið Thorp ehf. sé réttmætur eigandi hugsanlegrar kröfu vegna vinnu stefnanda að umræddu verkefni, en í matsferlinu kom skýrlega fram sú afstaða stefnda að væri einhver krafa til staðar þá tilheyrði hún félaginu Thorp ehf., en ekki stefnanda.

Samandregnar niðurstöður matsmanns um fyrri spurninguna eru svofelldar:

„Að mati matsmanns er hæfilegt og eðlilegt endurgjald fyrir milligöngu og þjónustu matsbeiðanda við matsþola vegna mögulegra kaupa matsþola eða samstarfs um veiðar á hestamakríl af félaginu Omualu annars vegar föst óafturkræf þóknun á bilinu 2,4 – 4,8 milljónir króna og hins vegar árangurstengd þóknun annað hvort 0,5 – 1,5% af heildarverðmæti viðskiptanna eða 2 – 10% af útreiknuðum hagnaði matsþola af viðskiptunum. Þar sem ekki varð af viðskiptunum sem um ræðir er ekki um

árangurstengda þóknun að ræða og eðlilegt endurgjald fyrir milligöngu og þjónustu matsbeiðanda við matsþola vegna mögulegra kaupa matsþola eða samstarfs um veiðar á hestamakríl af félaginu Omualu því á bilinu 2,4 – 4,8 milljónir króna án virðisaukaskatts.“

Samandregnar niðurstöður matsmanns um seinni spurninguna eru svofelldar:

„Að mati matsmanns má ætla að matsbeiðandi hafi varið á bilinu 120 – 180 vinnustundum við milligönguna og þjónustuna við matsþola. Að mati matsmanns er eðlilegt tímagjald matsbeiðanda fyrir hverja unna klukkustund sem hann varði við milligögnuna og þjónustuna við matsþola á bilinu 20 – 30 þúsund krónur án virðisaukaskatts.“

Að fenginni matsgerð sendi stefnandi stefnda reikning þann 25. júní 2021 fyrir ráðgjöf vegna undirbúnings verkefnis í Namibíu. Segir í reikningnum að um sé að ræða endurgjald í samræmi við matsgerð, kr. 4.800.000 án virðisaukaskatts, eða kr. 5.952.000 með virðisaukaskatti.

Fram hafa verið lögð gögn um samning félags stefnanda, Thorp Consulting ehf., við hið namíbíska Fishcor, þ.e. National Fishing Corporation of Namibia Limited, fyrir ráðgjafarstöf stefnanda fyrir það félag. Þá hafa verið lögð fram kynningargögn um félag stefnanda Thorp ehf., en stefndi kveður stefnanda hafa látið stefnda þetta kynningarefni í té í tengslum við þetta verkefni og hefur því ekki verið mótmælt.

Þá hafa verið lögð fram „svör við athugasemdum lögmanns Ísfélags Vestmannaeyja í máli nr. M-379/2019 við Héraðsdóm Suðurlands“, dags. 24. apríl 2020. Þar kemur fram af hálfu stefnanda, eftirfarandi setning: „Það er rétt að ÞP kom fram í byrjun máls í nafni síns fyrirtækis, Thorp ehf. sem síðan hefur verið úrskurðað gjaldþrota enda glímdi fyrirtækið við verulega greiðsluferfiðleika frá 2017). Það breytir hins vegar engu um uppruna, eðli og tilvist kröfunnar. Hún fer ekkert. Krafan er ávallt ÞP, enda um þóknun vegna persónulegrar vinnu ÞP að ræða. Hvort sú vinna er innheimt í gegnum félag eða ekki er á forræði ÞP og breytir ekki eðli kröfunnar sem slíkrar.“

Fram hafa verið lögð bréfaskipti frá þeim tíma sem matsgerðin var unnin. Eru þau á milli lögmanns stefnanda og skiptastjóra hins gjaldþrota félags Thorp ehf. Í bréfi lögmanns stefnda til skiptastjórans, dags. 11. júní 2020, er vísað til tölvupósts lögmanns stefnanda frá 1. júní 2020 þar sem fram komi að skiptastjóri hafi verið upplýstur um matsmálið og að skiptastjóri hafi haft í frammi tiltekna afstöðu til þess hvort krafa stefnanda væri hans persónulega krafa eða ekki. Segir svo í bréfinu að í tölvupóstinum

segi: „Sæll Hersir, Sjá hér að neðan athugasemdir frá umbjóðanda mínum. Skiptastjóri þb. Thorp ehf. var upplýstur um kröfuna, en gerði engar athugasemdir, enda ljóst að krafan er tilkomin vegna vinnuframlags Þorgeirs persónulega. Loks er rétt að geta þess að aðild að málinu og ágreiningur í þeim efnum er lögfræðilegs eðlis og verður leyst úr þeim ágreiningi fyrir dómstólum þegar þar að kemur.“ Beinir svo lögmaðurinn til skiptastjórans þeirri spurningu hvort hér sé réttilega gerð grein fyrir samskiptum stefnanda eða aðila á hans vegum við skiptastjóra þb. Thorp ehf. vegna þess matsmáls sem gerð hafi verið grein fyrir í bréfinu.

Í svari skiptastjórans til lögmanns stefnanda, dags. 16. júní 2020, segir að stefnandi hafi haft samband við skiptastjórann þann 11. maí 2020. Hafi stefnanda verið umhugað um að fá yfirlýsingu undirritaða af skiptastjóranum um að krafa sem hann teldi sig eiga á hendur stefnda væri hans persónulega krafa en ekki krafa þrotabúsins. Hafi skiptastjóri hafnað þessari beiðni. Þá tekur skiptastjórinn fram í bréfinu, vegna tölvupósts sem sendur hafi verið af hálfu lögmanns stefnanda til Hersis Sigurgeirssonar, dómkvadds matsmanns, að skiptastjórinn væri ekki sammála þeirri lýsingu sem þar sé að finna. Rétt sé að stefnandi hafi upplýst skiptastjórann um þá kröfu sem hann teldi sig eiga á hendur stefnda, en það sé rangt að skiptastjórinn hafi ekki gert neinar athugasemdir. Þá hafi skiptastjórinn aldrei á neinum tímapunkti lýst því yfir eða gefið í skyn að um persónulega kröfu stefnanda væri að ræða. Skiptastjórinn sé ekki í aðstöðu til að kveða á um slíkt þegar bréf skiptastjórans er ritað. Almennu telji skiptastjórinn það hins vegar mjög sérstakt að Thorp ehf. hafi ekki á sínum tíma gefið út reikning fyrir þeirri þjónustu sem hugsanlega kunni að hafa verið veitt á þess vegum. Það hafi félagið a.m.k. gert í öðrum tilvikum. Þá tekur skiptastjórinn fram í bréfinu að skiptastjóri telji ekki ástæðu til, þegar bréfið er ritað, til að taka afstöðu til þess ágreinings sem sé til staðar milli stefnanda og stefnda. Hins vegar útilokar skiptastjórinn ekki að þrotabúið muni láta sig málið varða á síðari stigum, sbr.164. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að greiðsluskylda stefnda sé skýr og viðurkennd af hans hálfu í tölvupóstsamskiptum aðila. Stefnandi byggir á því að samningur hafi tekist með aðilum vegna starfa stefnanda, milligöngu og þjónustu við stefnda vegna mögulegra kaupa á hestamakríl af félaginu Omualu.

Um greiðsluskyldu stefnda vísar stefnandi til meginreglunnar um skuldbindingargildi samninga og meginreglu kröfuréttar um fullar og réttar efnir fjárskuldbindinga. Kveður stefnandi að það sé grundvallarregla að samningar skuli standa. Stefnda beri að greiða fyrir þá vinnu sem stefnandi hafi innt af hendi og stefndi nýtt sér. Aldrei hafi staðið til að sú vinna yrði unnin endurgjaldslaust. Áréttar stefnandi að þrátt fyrir að ekki hafi verið gengið formlega frá skriflegum samningi á milli aðila þá sé greiðsluskylda stefnda ítrekað viðurkennd í tölvupóstsamskiptum þeirra á milli, auk þess sem samningsdrög hafi verið send í tölvupósti í aðdraganda að fyrirhugaðri ferð til Omualu.

Kveður stefnandi að um sé að ræða skaðabótakröfu innan samninga á grundvelli fyrirliggjandi réttarsambands milli aðila. Stefndi hafi bæði með athafnaleysi sínu við að ganga frá uppgjöri og þóknun til handa stefnanda og síðar athöfnum sínum orðið þess valdandi að stefnandi hafi ekki fengið krónu fyrir störf sín. Stefnandi kveðst hafa margítrekað að ganga þyrfti frá samkomulagi um uppgjör áður en haldið yrði í ferðina til Namibíu. Athafnaleysi stefnda í þeim efnum hafi verið algjört og ber tölvupóstsamskipti því vitni að stefndi hafi beitt yfirburðastöðu sinni gagnvart stefnanda með því að draga í lengstu lög að klára uppgjörið við stefnanda þar til degi fyrir brottför. Þá hafi legið fyrir að stefndi hafi þegar verið kominn með allar nauðsynlegar upplýsingar um kvótann og félagið Omualu og í krafti yfirburðastöðu sinnar haldið út til Namibíu án stefnanda.

Kveðst stefnandi hafa lagt mikla vinnu lögð í verkefnið, enda mikil verðmæti fólgin í 20.000 tonna kvóta af hestamakríl. Til staðfestingar vísar stefnandi til skjallegra gagna málsins og fyrirliggjandi matsgerðar. Stefnandi kveðst búa yfir umtalsverðri reynslu af ráðgjafarstörfum og byggi störf hans á þeirri sérþekkingu og þeim tengslum sem hann hafi aflað sér fyrir tilstilli þeirrar þekkingar. Þá vinnu hafi stefndi virt að vettugi og farið í ferðina til Namibíu með allar nauðsynlegar upplýsingar um félagið Omualu, tengiliði og innviði og síðast en ekki síst hinn verðmæta kvóta. Upplýsingar sem allar hafi verið fengnar frá stefnanda. Stefndi hafi hagnýtt sér þær upplýsingar á kostnað stefnanda og farið til fundar við fyrirsvarsmenn Omualu í vondri trú. Orsakatengsl milli athafnaleysis stefnda og síðari athafna hans með ferðinni til Namibíu og tjóns stefnanda séu alveg skýr. Enginn ágreiningur hafi verið um greiðsluskyldu í aðdraganda ferðarinnar, svo sem fyrirliggjandi gögn staðfesti, heldur einungis fjárhæð þóknunar.

Stefnandi kveðst alfarið hafa séð um að kynna fyrirhugað samstarf, koma á sambandi milli aðila, miðla upplýsingum og skipuleggja fyrirhugaða ferð til Namibíu og

í framhaldinu ferð framkvæmdastjóra Omualu til Íslands í lok september. Þá hafi stefnandi verið í ítrekuðum samskiptum við stjórnarformann stefnda á tímabilinu eins og gögn málsins staðfesti og gengið ítrekað eftir því að samið yrði um þóknun honum til handa.

Þá byggir stefnandi á því að nokkrum dögum fyrir ferðina til Namibíu hafi loks verið sest niður og fundað sérstaklega um þóknun stefnanda. Þær umleitanir hafi ekki gengið eftir og hafi stefnandi verið beðinn um að beina verkefninu annað, tveimur dögum fyrir fyrirhugaða brottför, nánar tiltekið 12. september 2017.

Ítrekar stefnandi að þegar stefndi hafi neitað að inna af hendi þóknun til handa stefnanda og slitið samskiptunum hafi stefndi verið kominn með allar upplýsingar um verkefnið þar ytra, staðfestan áhuga Omualu á samstarfi, öll gögn um Omualu, nöfn, tengiliði, ferðatilhögun vegna ferðar til Walvis Bay í Namibíu, bókaðan fund með Omualu og fleiri nauðsynlegar upplýsingar.

Kveður stefnandi að stefndi hafi haldið til fundar með Omualu í Namibíu þrátt fyrir fullyrðingar um annað. Háttsemi stefnda hafi jafnframt orðið til þess að stefnandi hafi orðið af tækifærum til að koma á samstarfi milli Omualu og annarra félaga, m.a. félagið Interacco.

Kveður stefnandi að eins og fram komi í matsgerð endurspegli þóknun fyrir ráðgjafar- eða miðlunarverkefni, sambærilegt því sem stefnandi hafi tekið að sér, ekki eingöngu vinnuframlag ráðgjafans heldur spili aðstaða, reynsla, tengsl og þekking á viðskiptaumhverfi til að finna viðskiptatækifæri og koma á viðskiptum umtalsverðan þátt í því þegar meta á þóknun fyrir slíka þjónustu. Þjónustu sem stefndi hafi hagnýtt sér að öllu leyti og hafi alfarið verið tilkomin fyrir vinnu stefnanda.

Kveður stefnandi augljóst að samskipti milli stefnda og Omualu, sem og ferð forsvarsmanna stefnda til Namibíu, hafi verið fyrir tilstilli vinnu og tengsl stefnanda. Að mati stefnanda sé greiðsluskylda stefnda skýr og viðurkennd í samskiptum aðila. Stefndi hafi ekki staðið við loforð sem hafi verið forsendur athafna stefnanda til hagsbóta fyrir stefnda. Stefnandi hafi innt vinnuna af hendi í góðri trú um að stefndi stæði við skuldbindingar sínar. Áréttar stefnandi að engu máli skipti í því samhengi að ekki hafi orðið af samstarfi Omualu og stefnda.

Stefnandi kveður að í forsendum og niðurstöðum matsgerðar sé ítarlega rakið að ætla megi að stefnandi hafi varið á bilinu 120-180 vinnustundum við milligönguna og þjónustuna við stefnda. Að mati matsmanns sé eðlilegt tímagjald stefnanda fyrir hverja

unna klukkustund á bilinu 20-30 þúsund krónur án virðisaukaskatts. Þá sé rakið í matsgerð að verkefnið sé talsvert umfangsmeira og flóknara en miðlun aflaheimilda á Íslandi.

Stefnandi kveðst fyrst hafa haft samband við stefnda 4. júlí 2017 og marki sá dagur upphaf tímabils sem stefnandi hafi starfað að verkefninu. Fyrsti formlegi fundur milli aðila hafi farið fram í húsnaði Lýsis á Granda þann 21. júlí 2017. Vinna stefnanda hafi staðið til 12. september sama ár þegar stefnandi hafi verið beðinn að beina verkefninu annað. Tímabilið telji því samtals 71 dag. Í matsgerð komi fram að matsmaður telji að við ákvörðun fastrar þóknunar skuli miða við hvern byrjaðan mánuð eins og algengt sé í verkefnum sem þessum. Samkvæmt því sé um að ræða þrjá byrjaða mánuði. Stefnandi byggir á því að vinna hans hafi numið um 30% af vinnutíma hans eða um 30 stundum að meðaltali á hvern verkþátt, alls um 180 stundum á tímabilinu 4. júlí 2017 til 12. september 2017.

Kveður stefnandi að á grundvelli alls framangreinds og með vísan til niðurstöðu fyrirliggjandi matsgerðar sé hæfilegt og eðlilegt endurgjald fyrir vinnu hans samtals kr. 4.800.000,- að viðbættum virðisaukaskatti. Stefnanda sé enda skylt að standa ríkissjóði skil á virðisaukaskatti þrátt fyrir að stefndi hafi á endanum ekki samið við Omualu.

Varðandi kröfu um dráttarvexti krefst stefnandi þess að upphafstími dráttarvaxta miðist við þann dag þegar mánuður er liðinn frá dagsetningu greiðsluáskorunar stefnanda sem dagsett er 6. október 2020.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnanda er gerð krafa um aðra lægri fjárhæð að mati dómsins og vísar stefnandi til rökstuðnings matsgerðar í þeim efnum varðandi fjárhæð tímagjalds sem áætlað sé á bilinu 20 – 30 þúsund krónur auk virðisaukaskatts og tímafjöldi á bilinu 120-180 klst.

Um lagarök vísar stefnandi til tilvitnaðra ákvæða og meginreglna sem raktar hafi verið að ofan. Einkum meginreglna samninga- og kröfuréttar um skuldbindingargildi samninga og efndir fjárskuldbindinga.

Krafa um dráttarvexti er byggð á lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, einkum III. kafla laganna.

Krafa stefnanda um málskostnað er byggð á 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Við ákvörðun málskostnaðar er gerð krafa um að tekið verði tillit til kostnaðar stefnanda við öflun matsgerðar í máli nr. M-379/2019, að fjárhæð kr. 1.488.000,-. Varðandi varnarþing er vísað til 1. mgr. 33. gr. sömu laga.

Málsástæður og lagarök stefnda

Almennt

Stefndi krefst sýknu af dómkröfum stefnanda og mótmælir málsástæðum og málatilbúnaði stefnanda í heild sinni.

Stefndi kveður ljóst að ekkert samnings- eða kröfuréttarsamband hafi stofnast á milli stefnda og stefnanda (eða Thorp ehf.) og að stefnandi eigi engar kröfur á hendur stefnda. Fráleitt sé að „greiðsluskylda stefnda sé skýr og viðurkennd af hans hálfu í tölvupóstsamskiptum aðila“ eða að samningur hafi tekist, eins og fram komi í stefnu.

Fyrning

Þrátt fyrir að stefndi telji að hvorki stefnandi, Thorp ehf., né nokkur annar, eigi, eða hafi átt, einhverskonar kröfu á hendur stefnda vegna framangreindra atvika/samskipta, kveður stefndi sér ekki stætt á öðru en að byggja á því að sú meinta krafa sem stefnandi hefur uppi sé fallin niður fyrir fyrningu, sbr. meginregla 3. gr. laga nr. 150/2007 um fjögurra ára fyrningarfrest.

Vísar stefndi hér til þess að meint krafa stefnanda taki til tímabilsins frá 4. júlí til 12. september 2017, en mál þetta teljist hafa verið höfðað þann 6. september 2021 og fyrningu þá fyrst slitið, sbr. 93. gr. laga nr. 91/1991 og 2. mgr. 15. gr. laga nr. 150/2007. Byggir stefndi á því sérstaklega að fyrningarfrestur allrar meintrar kröfu stefnanda hafi hafist fyrir 6. september 2017. Í því sambandi skipti engu hvort meint krafa teljist samningskrafa eða skaðabótakrafa innan samninga, eða reist á öðrum grundvelli. Þá hafi engin þau atvik átt sér stað sem geti talist hafa slitið fyrningu, sbr. IV. kafli laga nr. 150/2007. Meint krafa stefnanda sé því fyrnd að öllu leyti.

Að því er sérstaklega varðar upphaf fyrningarfrests bendir stefndi á að í stefnu komi ekkert fram um hvenær meint krafa eigi að hafa stofnast eða hvenær stefnandi „gat fyrst átt rétt til efnda“, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 150/2007. Verði því að leggja til grundvallar, og sé byggt á því, að þetta tímamark hafi verið fyrir 6. september 2017 hvað varðar alla hina meintu kröfu. Leiði slíkt líka af almennum reglum um samningskröfur og skaðabótakröfur innan samninga.

Í þessu sambandi bendir stefndi á að af gögnum málsins verði ekki annað ráðið en að stefnandi hafi talið sig eiga „rétt til efnda“ gagnvart stefnda þann 1. september 2017 „vegna þeirrar vinnu sem komin er“, þ.e. vegna tímabilsins frá 4. júlí 2017, sbr.

framangreint og tölvupóst 27. september 2017. Þrátt fyrir að stefnandi hafi þá einungis krafist 400.000 kr., samanborið við 4,8 milljónir króna nú, verði að miða við að fyrningarfrestur allrar hinnar meintu kröfu hafi í síðasta lagi hafist á þessum tímapunkti.

Varðandi fyrningu tekur stefndi enn fremur fram að stefnandi verði að bera allan halla af hvers konar óskýrleika sem kunni að teljast fyrir hendi varðandi upphaf fyrningarfrests meintrar kröfu, eða hluta hennar. Um þetta sé ekkert fjallað í stefnu, þótt tilefni hafi verið til. Verði litið svo á, gegn mótmælum stefnda, að einhver hluti meintrar kröfu sé ófyrndur standi sérstaklega á stefnanda að sýna fram á hve hár slíkur kröfuhluti sé, en slíkt megi með engu ráða af málatilbúnaði stefnanda.

Aðildarskortur til sóknar

Verði ekki fallist á framangreint um fyrningu byggir stefndi á því að sýkna beri stefnda af hinni meintu kröfu, eða þeim hluta hennar sem teljist ekki fyrndur, vegna aðildarskorts til sóknar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Líta verði svo á að meint krafa, sem stefndi mótmælir, tilheyri, eða hafi tilheyrt, Thorp ehf., sem hafi verið ráðgjafafyrirtæki sem stefnandi hafi verið í fyrirsvari fyrir. Það félag hafi verið úrskurðað gjaldþrota þann 4. apríl 2019, skiptum lokið á þrotabúinu 19. janúar 2020 og félagið hafi nú verið afskráð.

Hér vísar stefndi til þess að gagnvart stefnda, og almennt á þeim tíma sem um ræðir, hafi stefnandi komið fram sem fyrirvarsmaður og af hálfu nefnds félags, Thorp ehf. Um það vísar stefndi m.a. til samskipta í málgögnum, en allir tölvupóstar stefnanda stafi frá „Thorp ehf./Þorgeir Pálsson“ úr tölvupóstfanginu thorp@thorpconsulting.is. Á þeim tíma sem um ræðir hafi jafnframt legið fyrir kynning á Thorp ehf./Thorp Consulting frá árinu 2017 (Company Profile 2017 Focus on Fisheries), sem stefnandi hafi afhent stefnda og öðrum í tengslum við umrætt verkefni og önnur sem hann hafi sinnt. Kveður stefndi að þá liggi fyrir að í matsferli, sbr. fyrirliggjandi matsgerð, hafi matsmaður óskað eftir því að stefnandi upplýsti um tímagjald/endurgjald í öðrum verkefnum. Við þeirri beiðni hafi stefnandi brugðist með því að leggja fyrir matsmann ráðgjafarsamning á milli FISHCOR í Namibíu og Thorp ehf./Thorp Consulting frá 21. júlí 2016, auk reikninga félagsins vegna þess samnings.

Kveður stefndi að af þessu leiði að hvers konar krafa sem kunni að hafa stofnast á hendur stefnda vegna framangreindra atvika/samskipta tilheyri nefndu félagi, sem nú hafi verið afskráð, en ekki stefnanda persónulega. Í ljósi tilvísaðra gagna og allra atvika

hafi sérstaklega staðið upp á stefnanda að gera grein fyrir því í stefnu hvers vegna meint krafa skuli teljast tilheyrja honum, eða hvernig hún hafi ratað í hans hendur, en það sé ekki gert. Til þess hafi þó verið fullt tilefni, enda hafi stefndi bent á þetta undir rekstri matsmáls stefnanda. Stefnandi verði að bera af þessu allan halla. Í þessu sambandi vekur stefndi athygli á því að skýringar stefnanda hér að lútandi til matsmanns, um að stefnandi hafi komið fram f.h. Thorp ehf., í upphafi en tekið persónulega sjálfur við kröfunni við gjaldþrot félagsins, séu ófullnægjandi og ósannaðar, auk þess að fá tæplega staðist m.t.t. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Engin krafa til staðar – veruleg lækkun kröfu

Þá kveður stefndi að verði ekki fallist á framangreint um fyrningu og aðildarskort þá sé byggt á því að engri kröfu sé til að dreifa og að ekkert samnings- eða kröfuréttarsamband hafi stofnast á milli aðila. Öllum málatilbúnaði stefnanda í aðra veru sé mótmælt, þ. á m. um að greiðsluskylda hafi verið viðurkennd af hálfu stefnda eða að samningur hafi að einhverju leyti komist á.

Í þessu sambandi vísar stefndi til umfjöllunar sinnar um helstu málsatvik. Eins og þar komi nánar fram, og leiði af málsgögnum, hafi stefnandi leita til stefnda í kjölfar þess að „Mike Nghypunia, framkvæmdastjóri FISHCOR í Namibíu [hafði] leitað til stefnanda til að finna hugsanlegan samstarfsaðila fyrir félagið Omuala Fishing (PTY) Ltd. sem hefur aðsetur í Namibíu“, sbr. það sem segi í stefnu. Eðli máls samkvæmt hafi stefndi gert ráð fyrir því (og mátt gera) að stefnandi fengi greitt fyrir störf sín frá þeim aðila sem hafi leitað til stefnanda um þjónustu hans. Stefnandi geti ekki borið ábyrgð á því að stefnandi hafi ekki gætt hagsmuna sinna að þessu leyti.

Kveður stefndi að af hans hálfu hafi aldrei verið um það að ræða að stefndi hafi óskað eftir þjónustu stefnanda, eða að stefnandi hafi starfað fyrir stefnda, haft milligöngu fyrir stefnda eða þjónustað stefnda, svo sem haldi sé fram í stefnu. Um slíkt hafi ekki verið samið. Þá liggi ekkert fyrir í málinu um fyrirmæli eða beiðni stefnda til stefnanda um framkvæmd einstakra verkþátta eða annað slíkt. Engu geti skipt þótt stefnandi hafi verið í einhverjum misskilningi hvað þetta varðar, en af slíku verði stefnandi sjálfur að bera halla. Um þetta vísar stefndi nánar til framangreindrar umfjöllunar og fyrirliggjandi málsgagna.

Fari hins vegar svo, gegn mótmælum stefnda, að stefnandi teljist eiga einhverja kröfu á hendur stefnda, er fjárhæð dómkröfu stefnanda mótmælt sérstaklega. Eins og

fram komi í stefnu miðist fjárhæð dómkröfu, 4,9 milljónir kr. án virðisaukaskatts, við að vinna stefnanda hafi numið um 30% af vinnutíma hans á tímabilinu 4. júlí til 12. september 2017 (71 dagur), alls um 180 vinnustundum á tímagjaldinu 26.666 kr. Stefndi telur þessa framsetningu ekki standast, m.a. út frá málsgögnum, og að fjárhæð meintrar kröfu stefnanda sé ósönnuð, teljist krafa yfirhöfuð vera fyrir hendi.

Byggir stefndi á því að sú vinna stefnanda á tímabilinu 4. júlí til 12. september 2017, sem hann krefjist greiðslu fyrir úr hendi stefnda, hafi verið afar takmörkuð, eins og gögn málsins beri með sér. Ekkert liggi fyrir í málinu um afrakstur sjálfstæðrar vinnu stefnanda, heldur liggi þvert á móti fyrir að aðkoma stefnanda hafi fyrst og síðast falist í að miðla upplýsingum frá tengilið stefnanda í Namibíu til stefnda og öfugt. Þá liggi ekkert fyrir í málinu um fyrirmæli eða beiðni stefnda til stefnanda um framkvæmd einstakra verkþátta eða annað slíkt.

Stefndi vísar til þess að varðandi fjölda vinnutíma sérstaklega leggi stefnandi til grundvallar að vinna hans hafi numið alls 180 vinnustundum á greindu tímabili, sem telji 71 dag. Af hálfu stefnanda sé hins vegar ekki tekið tillit til þess að af þessum 71 degi séu 21 helgi- og frídagar, sem og að fyrsti fundur aðila hafi ekki átt sér stað fyrr en 21. júlí, en á tímabilinu 4. júlí til 20. júlí hafi ekki átt sér stað nein samskipti. Fyrir 21. júlí 2017 hafi aðkoma stefnda að vinnu stefnanda því verið engin, hvernig sem á málið sé litið. Þá standi eftir 55 dagar eða 34 dagar ef helgardagar eru teknir frá, og standi upp á stefnanda að skýra og sanna hve margar vinnustundir hafi verið unnar þá daga.

Í þessu sambandi vekur stefndi athygli á því að 27. ágúst 2017 hafi stefnandi lagt fram þá tillögu að stefndi myndi greiða stefnanda 400.000 kr. „vegna þeirrar vinnu sem komin er“ m.v. 1. september 2017. Á þessum tíma hafi stefnandi því metið virði vinnu sinnar á tímabilinu 4. júlí til 1. september 2017 með þessum hætti. Sé með öllu óútskýrt af hverju stefnandi krefjist nú tífaldrar fjárhæðar í dag, fyrir nær sama tímabil. Engu breyti þótt stefnandi hafi síðar aflað sér matsgerðar um hæfilegt og eðlilegt endurgjald sér til handa, þegar hann sjálfur hafi metið það með þessum hætti á þeim tíma sem hér skipti máli.

Kveður stefndi að öðru leyti verði stefnandi að bera allan halla af sönnunarskorti um raunverulega útlagða vinnu sína, sem hann krefji stefnda um greiðslu fyrir, þ. á m. af því að hafa ekki haldið tímaskýrslur eða tryggt sér aðra álíka sönnun.

Um matsgerð Hersis Sigurgeirssonar

Stefndi vísar til þess að áður en mál þetta var höfðað hafi stefnandi aflað mats dómkvadds matsmanns, Hersis Sigurgeirssonar, m.a. um hæfilegt og eðlilegt endurgjald „fyrir milligöngu og þjónustu við [stefnda] vegna mögulegra kaupa [stefnda] eða samstarfs um veiðar á hestamakríl af félaginu Omualu“.

Kveður stefndi að stefnandi virðist reisa dómkröfu sína á þeim áætlunum matsmanns skv. matsgerð, að vinna stefnanda hafi numið alls milli 120-180 stundum á tímabilinu á tímagjaldinu 20.000 til 30.000 krónur. Hæfilegt og eðlilegt endurgjald fyrir vinnu að verkefninu hafi því verið á bilinu 2,4 – 4,8 milljónir króna, án virðisaukaskatts. Stefndi telur að ekki sé unnt að leggja umrædda matsgerð til grundvallar í málinu.

Stefndi leggur áherslu á að matsmaður hafi ekki tekið afstöðu til þess hver teldist eigandi eða skuldari hugsanlegrar kröfu, sem stefnandi telji sig eiga. Jafnframt, að mat matsmanns á hæfilegri og eðlilegri þóknun hafi verið „mat á því með hvaða hætti eðlilegt er að aðilar hefðu samið sín á milli ef slíkur samningur hefði verið gerður.“ Við framkvæmd matsins hafi matsmaður því lagt til grundvallar ákveðnar forsendur, sem deilt sé og skera beri úr um í máli þessu, þ. á m. um aðild og tilvist kröfu yfirhöfuð.

Þessu til viðbótar vekur stefndi athygli á því að undir rekstri matsmálsins hafi komið í ljós að stefnandi hafi ekki haldið tímaskýrslur og ekki getað lagt fram neinar upplýsingar um raunverulegar afurðir vinnu sinnar. Vísar stefndi um þetta til matasgerðar og athugasemda stefnda við gagnaframlagningu stefnanda í matsferlinu. Af þeim sökum séu niðurstöður matsmanns skv. matsgerð ekki annað en áætlanir með verulegum fyrirvörum um raunverulegt vinnuframlag.

Kveður stefndi að vegna þessa, og annarra fyrirvara og varnagla í matsgerð, verði matsgerðin ekki lögð til grundvallar sem fullnægjandi sönnun um fjárhæð ætlaðrar kröfu stefnanda. Í því sambandi vísar stefndi jafnframt til alls framangreinds, þ. á m. til þess hvernig stefnandi hafi sjálfur metið virði vinnu sinnar á tímabilinu 4. júlí til 1. september 2017, þ.e. kr. 400.000, í tölvupósti þann 27. ágúst 2017.

Byggir stefndi á því að í öllu falli sé ljóst að aldrei verði unnt að miða við hærri fjárhæð en lægstu viðmið skv. matsgerð, þ.e. 120 stundir á tímabilinu á tímagjaldinu 20.000 krónur, þannig að hæfilegt og eðlilegt endurgjald teljist 2,4 milljónir króna, án virðisaukaskatts.

Önnur atriði

Stefndi kveður að allt framangreint eigi jafnt við hver svo sem grundvöllur ætlaðrar kröfu stefnanda verði talinn vera, sbr. tilvísanir í stefnu til bæði samningskröfu og skaðabótakröfu innan samninga.

Stefndi kveðst alfarið mótmæla öllum málatilbúnaði stefnanda í þá veru að stefndi hafi skapað sér bótaábyrgð með athafnaleysi eða öðru slíku, „hagnýtt sér vinnu stefnanda“ eða hagað sér „í vondri trú“. Það hvort starfsmenn stefnda hafi farið til Namibíu í september 2017 hafi enga þýðingu í þessu máli sem varði kröfu stefnanda um greiðslu þóknunar vegna vinnu hans á afmörkuðu tímabili.

Þá mótmælir stefndi hvað sem öðru líður dráttarvaxtakröfu stefnanda, þ. á m. um upphafstíma. Eins og atvikum er háttað geti dráttarvextir í fyrsta lagi reiknast frá dómsuppsögu.

Lagarök

Hvað varðar lagarök vísar stefndi að öðru leyti til almennra reglna samninga-, kröfu- og skaðabótaréttar, þ. á m. reglur um stofnun samninga og fjárkrafna. Auk þess er vísað til laga nr. 150/2007 um fyrningu, svo og ólögfesta meginreglna um fyrningu. Einnig vísast til almennra reglna og sjónarmiða um sönnun og sönnunarbyrði. Um málskostnaðarkröfu stefnda vísast til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Forsendur og niðurstöður

Í máli þessu gerir stefnandi kröfu um að stefndi verði dæmdur til að greiða sér þóknun vegna ráðgjafarstarfa stefnanda, eins og segir í stefnu, kr. 5.952.000, en til vara aðra lægri fjárhæð, allt eins og nánar greinir í dómkröfum. Stefndi krefst sýknu.

Stefndi byggir á því í fyrsta lagi að ekkert kröfuréttarsamband hafi stofnast á milli stefnanda, eða Thorp ehf., og stefnda.

Í málinu liggur fyrir að stefnandi setti sig í samband við starfsmann stefnda og bauð fram þjónustu sína um að hafa milligöngu um að stefndi fengi aðgang að, eða fengi keyptan, verðmætan hestamakrílkvóta af namibísku félagi. Þá liggur fyrir að af hálfu stefnda, nánar tiltekið stjórnarformanns stefnda, var lýst áhuga á þessu. Fyrir liggur og er óumdeilt í málinu að stefnandi var margsinnis í sambandi við stjórnarformann stefnda, sem og aðra starfsmenn stefnda, vegna þessa, sem og í sambandi við hið namibíska félag Omualu sem var handhafi kvótans. Þá liggur fyrir að gert var ráð fyrir að stefnandi færi

í ferð til Namibíu sem skipulögð var á vegum stefnda og var gert ráð fyrir að stefndi greiddi fararkostnað stefnanda vegna ferðarinnar.

Í tölvupósti stefnanda til stjórnarformanns stefnda þann 9. ágúst 2017 segir stefnandi m.a. að sé áframhaldandi áhugi þá sé „rétt að ganga frá formlegum samningum okkar í milli“. Þessum tölvupósti svaraði stjórnarformaður stefnda síðar sama dag með orðunum „takk fyrir þetta“ og er þar engin athugasemd um að ekki verði samið við stefnanda. Þá liggur fyrir að a.m.k. ekki síðar en í tölvupósti stefnanda til stjórnarformanns stefnda 27. ágúst 2017 kom fram af hálfu stefnanda að hann gerði ráð fyrir þóknun sér til handa fyrir milligönguna eða ráðgjöfina, en ekki verður séð að stjórnarformaðurinn hafi gert athugasemd við það eða hafnað því að einhvers konar kröfuréttarsamband væri komið á milli stefnda og stefnanda. Þá liggur fyrir að lögmaðurinn Simon Knight, sem þá kom fram fyrir hönd stefnda, sendi stefnanda tölvupóst 11. september 2017, þar sem með fylgdi afrit af samningi sem stefndi hefði áður gert við annan aðila vegna ráðgjafar. Í tölvupóstinum er alls ekki tekið fyrir að stefndi eigi að fá greitt fyrir sitt framlag, heldur þvert á móti rætt um að árangurstengdar greiðslur, ef einhverjar séu, færu að nokkru leyti eftir því hvers konar „samstarf/joint venture“ væri að ræða.

Verður þannig ekki betur séð en að það hafi verið sameiginlegur skilningur aðila að stefnandi fengi greitt fyrir sitt framlag. Í það minnsta var stefnda fulljóst að stefnandi gerði ráð fyrir þóknun sér til handa og það var ekki fyrr en á fundi 12. september 2017 sem stefndi hafnaði því. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnda að ekkert kröfuréttarsamband hafi stofnast. Í þessu sambandi getur engu breytt að stefnandi hafi leitað til stefnda og að það hafi verið að frumkvæði hins namibíska félags, enda liggur ekkert fyrir um mögulegt kröfuréttarsamband á milli stefnanda og þess félags. Þá getur hér engu skipt að stefnandi hafi ekki fengið bein fyrirmæli um framkvæmd einstakra verkþátta eða slíkt.

Þá byggir stefndi á því að hafi stefnandi átt einhverja kröfu á hendur stefnda þá sé hún fallin niður fyrir fyrningu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007.

Fyrir liggur að samband komst á milli stefnanda og stefnda, um milligöngu eða ráðgjöf stefnanda við stefnda um hestamakrílkvótann, með því að með tölvupósti þann 4. júlí 2017 staðfesti sá starfsmaður stefnda sem stefnandi hafði sett sig í samband við, að áhugi væri til staðar hjá stefnda og að stjórnarformaður stefnda myndi fljótlega hafa samband við stefnanda. Þetta samband stóð óslitið til 12. september 2017. Af gögnum

málsins verður ekki ráðið að um hafi verið að ræða ákveðna afmarkaða verkþætti eða tiltekin og afmörkuð verkefni inna þess tímabils, heldur verður að líta svo á að um hafi verið að ræða aðkomu stefnda í heild sinni að verkefninu, en það tók til ýmissa verka, s.s öflunar og miðlunar upplýsinga, sem og undirbúnings að þeirri ferð sem áætlað var að stefnandi færi með í til Namibíu. Er ekki unnt að sjá að á þessu tímabili hafi verið um að ræða tiltekna verkþætti sem stefnandi hefði þá getað krafist greiðslu á, heldur verður litið á allt verkið sem eina heild. Mögulega mætti þó telja vinnuna áður en farið yrði til Namibíu sem einn verkþátt og það sem síðar kæmi sem annan eða aðra verkþætti. Það breytir þó engu um hvort krafan er fyrnd. Breytir hér heldur engu að stefnandi hafi sett fram tillögu um tilteknar greiðslur áður en farið yrði í ferðina, en þær bera með sér að vera settar fram sem hluti af stærri heild. Þannig verður talið að í raun hafi stefnandi fyrst átt rétt til efnda við verklok, en ekki er unnt að líta svo á að verklok hafi orðið fyrr en 12. september 2017. Hér má líta til dóma Landsréttar í málunum nr. 624/2018 og 161/2020. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007 reiknast fyrningarfrestur kröfu frá þeim degi þegar kröfuhafi gat fyrst átt rétt til efnda, en skv. 2. mgr. 2. gr. sömu laga reiknast fyrningarfrestur krafna sem stofnast vegna vanefnda, reiknast frá þeim degi þegar samningurinn er vanefndur. Var því krafa stefnanda ófyrnd þegar málið var höfðað, en stefndi byggir á því að málið hafi verið höfðað 6. september 2021 eins og áður segir.

Þá byggir stefndi varnir sínar á aðildarskortri til sóknar, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Kveður stefndi að hafi einhver krafa verið til staðar, þá hafi hún tilheyrt einkahlutafélagi stefnanda, Thorp ehf., en ekki stefnanda persónulega.

Í þeim tölvupóstum sem fóru á milli stefnanda og starfsmanna stefnda, þ. á m. stjórnarformanns stefnda, er hvergi vikið að hinu umrædda félagi í texta eða meginmáli tölvupóstanna. Er þar ekkert sérstaklega rætt hvort stefnandi komi fram fyrir hönd félagsins eða sjálfs sín. Hins vegar liggur fyrir að tölvupóstar stefnanda eru úr netfanginu thorp@thorpconsulting.is og staðlaður texti neðanmáls í tölvupóstunum vísar til félagsins Thorp ehf./Þorgeir Pálsson. Að mati dómsins er ekki unnt að leggja mikið upp úr netfanginu einu saman. Þannig liggur t.a.m. fyrir að í umræddum samskiptum notaði stjórnarformaður stefnda netfang sitt hjá Lýsi hf. án þess þó að það félag kæmi neitt nálægt því verkefni sem hér um ræðir. Í tölvupósti stefnanda 12. september 2017 til Simon Knight kemur hins vegar fram að gert sé ráð fyrir greiðslum inn á persónulegan reikning stefnanda og talað um að stefndi, sem vísað er til sem ÍV, greiði stefnanda, sem

vísað er til sem ÞP, tiltekna greiðslur. Jafnframt verði gerður sérstakur ráðgjafar samningur við stefnanda sem vísað er til sem ÞP. Í tölvupósti daginn áður frá Simon Knight, þar sem sent er sem viðhengi samningur sem stefndi hafði áður gert um ráðgjafarstörf, er vísað til stefnanda, þ.e. stefnandi er ávarpaður sem „þú“, en ekkert vikið að Thorp ehf. Þá liggur fyrir að á fundi 11. september 2017 lagði stefnandi fram drög að samkomulagi, en þar var Thorp ehf., hvergi getið en aðeins vísað til samkomulags milli stefnanda sjálfs og hans kennitölu, sem og stefnda. Fram að þessu verður hvergi séð að rætt hafi verið sérstaklega hvort stefnandi kæmi fram persónulega eða fyrir hönd Thorp ehf., en óumdeilt er hins vegar að um hans persónulegu vinnu er að ræða.

Þá getur hér heldur ekki ráðið úrslitum að umrætt félag stefnanda hafi gert ráðgjafarsamning við hið namibíska félag FISHCOR á árinu 2016. Ekki getur heldur ráðið hér úrslitum að stefnandi hafi látið stefnda í té kynningarefni um nefnt félag sitt, en kynningarefnið sýnir margháttða reynslu stefnanda í sjávarútvegstengdum málum og verkefnum.

Þannig verður ekki ráðið af samtímagögnum að stefnandi hafi verið í téðum samskiptum við stefnda á vegum félagsins Thorp ehf., en undir lok samskiptanna er ljóst að stefndi lítur svo á að hann sé í persónulegum samskiptum við stefnda, en ekki á vegum Thorp ehf.

Eins og að ofan greinir kannaðist stefnandi við það undir matsferlinu að í upphafi hafi hann komið fram í nafni Thorp ehf. Hins vegar liggur fyrir skv. upplýsingum í bréfi skiptastjóra þrotabús félagsins að ekki var gerður reikningur fyrir þessu til stefnda, sem skiptastjórinn telji mjög sérstakt, enda hafi félagið gert það í öðrum tilvikum. Þá kemur fram að skiptastjórinn hafi ekki gert kröfu um að krafan félli undir þrotabúið. Hvort tveggja þykir renna stoðum undir það að vinna stefnanda hafi verið fyrir eigin hönd en ekki félagsins. Verður að telja að stefnanda hafi verið í sjálfsvald sett hvort hann vann umrædd verk persónulega eða fyrir hönd Thorp ehf., en eins og áður segir verður hvergi ráðið af samtímagögnum að hann hafi unnið fyrir félagið, þvert á móti benda gögnin fremur til þess að, a.m.k. undir lok samskiptanna, hafi sameiginlegur skilningur verið sá að stefnandi væri að vinna þetta persónulega.

Verður þannig hafnað málsástæðum stefnda um aðildarskort stefnanda.

Þá hefur stefndi krafist þess að krafa stefnanda sæti verulegri lækkun. Vísar stefndi hér m.a. til þess að stefnandi hafi ætlað sér kr. 400.000 á fyrri stigum fyrir þá vinnu sem unnin hafi verið fram til hinnar fyrirhuguðu Namibíuferðar. Á þessa málsvörn

verður ekki fallist. Ljóst er að hugmynd stefnanda um greiðslu á kr. 400.000 var hugsað af hans hálfu sem hluti af stærri pakka, en ekki er unnt að draga þá ályktun að stefnandi hafi talið sér vera fullgreitt með kr. 400.000.

Í matsgerð hins dómkvadda matsmanns, sem ekki hefur verið hnekkt með framlagningu gagna, yfirmatsgerð eða á annan hátt, er miðað við að eðlilegur fjöldi vinnustunda við verkefnið hafi verið á bilinu 120 - 180, en jafnframt að eðlilegt gjald fyrir hverja stund hafi verið á bilinu kr. 20.000 – 30.000 fyrir utan virðisaukaskatt. Verður miðað við lægri töluna í báðum tilvikum, en stefnandi hefur ekki fært að því fullnægjandi rök að fleiri vinnustundir en 120 komi til álita, eða hærra tímagjald en kr. 20.000. Verður þannig fallist á að stefndi greiði stefnanda kr. 2.400.000, sem að meðtöldum virðisaukaskatti verða kr. 2.976.000, en fyrir liggur að um var að ræða virðisaukaskattskylda þjónustu. Rétt er að fjárhæðin beri dráttarvexti sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 6. nóvember 2020.

Að þessari niðurstöðu fenginni ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað. Kostnaður vegna matsgerðar nemur kr. 1.488.000 og ber stefnda að greiða hann ásamt kostnaði vegna lögmansþjónustu sem nemur kr. 3.898.027 án virðisaukaskatts, en í dómkröfum stefnanda er ekki krafist virðisaukaskatts á lögmansþjónustu.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Ísfélag Vestmannaeyja, greiði stefnanda, Þorgeiri Pálssyni, kr. 2.976.000 með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 6. nóvember 2020 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 5.386.027 í málskostnað.

Sigurður G. Gíslason